

Óháði sönfúðurinn

# Safnaðarfréttir

32. árg. 1. tbl. ágúst 2017

## Framkvæmdir á lóðinni



Síðastliðið haust var ráðist í framkvæmdir á lóð kirkjunnar, ákveðið var að hreinsa aðeins til í þeim gróðri sem fyrir var og skipta út fyrir annan. Um leið var ákveðið að setja upp skilti með nafni safnaðarins á horn lóðarinnar, breikka gangstíg og skipta um hellur. Umræðan um að laga til á lóðinni skapaðist þegar sú hugmynd vaknaði að heiðra minningu Hólmfríðar Guðjónsdóttur sem var safnaðarformaður til margra ára en hún hafði einnig sinnt öðrum störfum innan kirkjunnar. Hugmyndin var að gera notalegan garð í minningu hennar með bekkjum og bjóða þannig nágrönnum kirkjunnar

og þeim sem leið eiga fram hjá að tilla sér niður og horfa á gróðurinn og þakkarsteininn sem reistur var til að þakka Hólmfríði og eftirlifandi eiginmanni hennar Val Sigurbegssyni fyrir óeigingjarnt starf í þágu safnaðarins. Þakkarsteinninn var síðan afhjúpaður 4. desember á aðventukvöldi kirkjunnar en steinninn er gjöf frá hjónunum Guðjóni Pétri Ólafssyni og Hildi Gunnarsdóttur, stjórnin þakkar þeim stuðninginn. Myndin er tekin þegar elsta og tvö yngstu barnabörn Hólmfríðar og Vals afhjúpuðu steininn.

*Björg Valsdóttir*



### Orð Sérans:

*Láttu ljós þitt skína í lífinu með því að lýsa öðrum*

**Guðspjónustur  
annan og fjórða  
sunnudag mánaðarins  
barnastarf á sama tíma**

## Frá ritara

Kæru safnaðarfélagar

Undanfarin ár hefur safnaðarstjórnin lagt í verulegar umbætur á kirkjunni, safnaðarheimilinu og lóðinni með dyggum stuðningi ykkar kæru félagar. Stuðningurinn hefur birst í góðri þátttöku í valgreiðslum og hvatningarorða til okkar. Næst á döfinni hjá okkur er að endurnýja húsgögn í safnaðarheimilinu, þ.e. bæði borð og stóla svo munum við einnig fá gáðinur í kirkjuna svo sú gula angri ekki prestinn í athöfnum. Ég vil hvetja alla sem eiga leið fram hjá kirkjunni okkar að skoða lóðina og minningarstein um starf Hólmfríðar Guðjónsdóttur og Vals Sigurbergssonar fyrir söfnuðinn sem afhjúpaður var á aðventukvöldinu þann 4. desember sl. Einnig vil ég hvetja til góðrar mætingar í messu, þá sérstaklega þegar



söfnuðurinn er með kaffisölu en kaffisalan gerir okkur kleift að styrkja góð málefni. Að endingu vil ég óska safnaðarfélögum velfarnaðar og Guðs blessunar um ókomin ár.

Kær kveðja, Guðlaug Björnsdóttir

## Ekki messufall




Þegar snjóaði jafnfallinn hálfan metra síðastliðinn vetur, sem var met, þá aflýstu Reykjavíkurprófastsdæmin bæði öllum messum þann sunnudaginn.

Hins vegar voru starfsmenn Óháða safnaðarins ekki á því að gera slíkt.

Safnaðarpresturinn ræsti út nágranna sinn til þess að fara á tryllitækinu sínu og aka fram og aftur um hlaðið hjá kirkjunni. Mjúk mjöllin varð auðveld bráð, og lét undan,

þannig að það var gerlegt að aka inn á hlaðið – meira að segja fyrir afturdrifna bíla líka.

Messan gekk eftir, þótt ekki kæmu margir, en eftirminnileg samt í huga þeirra sem mættu. Fengu meira að segja rjómatertu með maulinu eftir messuna, sem var afgangur frá starfsmannkvöldinu kvöldinu áður.



### Leiga á safnaðarheimilinu

Safnaðarheimilið er á tveimur hæðum með sæti fyrir 55 manns á hvorri hæð.

Ef þú hefur áhuga á að leigja það fyrir fermingar, skírnarveislur eða hvað eina þá endilega hafðu samband við Fanneyju Einarsdóttur kirkjuvörð. Gsm: 663-3505 (eftir kl. 16:00), email fe@hive.is



### Viðtalstími safnaðarprests

Viðtalstími safnaðarprests er í safnaðarheimili Óháðu kirkjunnar – Kirkjubæ á mánudögum milli kl. 18 og 19, svo og eftir samkomulagi.

Sími í kirkjunni er 551-0999.

Heimasími safnaðarprests er 552-2652 og farsíminn, ráprausið er 860-1955.

Netfangið, rafröflið er [afdjoflun@tv.is](mailto:afdjoflun@tv.is) og heimahöfn er [ohadisofnudurinn.is](http://ohadisofnudurinn.is)

## Framkvæmdir

Síðasta sumar voru miklar breytingar gerðar á garðinum. Núna er fyrirhugað að kaupa ný húgögn í Kirkjubæ. Eins og undanfarin ár munum við leita til ykkar með valgreiðslum í heimabanka ykkar. Auðvitað er ykkur í sjálfsvald sett hvort þið greiðið kröfurnar. Það er engin kvöð en margt smátt gerir eitt stórt og hjálpar okkur að viðhalda fallegu kirkjunni okkar. Einnig er hægt að leggja inn á reikning framkvæmdarsjóðs kirkjunnar í Aríon banka.

Númerið er: **0327-26-490269-2749** og er allur stuðningur vel þeginn.



## Tvö sjónarhorn

Stundum koma skringileg sjónarhorn í ljós, þegar verið er að taka myndir í kirkjustarfinu.

Þarna mætti ætla, að sá í Neðra væri kominn í Efra með hornin sín.

Raunveruleikinn var hins vegar sá, að safnaðarpresturinn hélt á skírnarbarninu að lokinni skírinni. Stóð fyrir framan hauskúpu af afrikönsku dýri á veggnum, sem svona myndast og úr varð þetta sjónarhorn eða þessi sjónarhorn.

## Fjölskylduferð í Guðmundarlund 2017

Hauststarfið hefst með fjölskylduferðinni í Guðmundarlund. Fjölskylduferðin er miðvikudaginn 23. ágúst og hefst kl. 18:00. Að venju verða veitingar í boði safnaðarins, grillaðar pylsur og drykkir fyrir stóra sem smáa. Séra Pétur stjórnar fjöldsöng og hægt er að fara í ýmsa leiki á flötinni ásamt því að skoða hinn fallega Hermannslund sem er með hundruðum tegunda af fjölærum garðagróðri og runnum. Allir eru hvattir til að mæta með stórfjölskylduna og vini til að skemmta sér í fallegu umhverfi og góðra vina hópi. Sjá nánar á heimasíðunni okkar ásamt leiðbeiningum um hvernig á að finna lundinn góða.




## Starfsskrá haustmíssis 2017

23. ágúst	kl. 18:00	Fjölskylduferð í Guðmundarlund. Sjá heimahöfn safnaðarins
27. ágúst	kl. 20:00	Guðsþjónusta / Maul eftir messu.
10. sept.	kl. 14:00	Guðsþjónusta / Barnastarf. Maul eftir messu.
24. sept.	kl. 14:00	Tónlistarmessa / Barnastarf. Maul eftir messu.
8. okt.	kl. 14:00	Kirkjudagurinn / Töfrabrogð Fjölskylduguðsþjónusta. Góðgerðar kaffi eftir messu nammi namm.
22. okt.	kl. 14:00	Jazzmessa / Barnastarf. Maul eftir messu.
5. nóv.	kl. 14:00	Samvera aldraðra í kirkjunni.
12. nóv.	kl. 14:00	Guðsþjónusta / Barnastarf. Maul eftir messu.
26. nóv.	kl. 14:00	Guðsþjónusta / Barnastarf. Maul eftir messu.
3. des.	kl. 20:00	Aðventukvöld / Endurkomukvöld. Kaffi og smakk á smákökunum.
24. des.	kl. 18:00	Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.
25. des.	kl. 14:00	Hátíðarguðsþjónusta á jóladegi.
31. des.	kl. 18:00	Aftansöngur á gamlárskvöldi.

## Starfsskrá vormíssis 2018

14. jan	kl. 14:00	Guðsþjónusta / Barnastarf. Maul eftir messu.
28. jan	kl. 14:00	Tregatrúartónlistarmessa/ Barnastarf. Maul eftir messu.
25. feb	kl. 14:00	Tónlistarmessa / barnastarf Maul eftir messu
11. mar	kl. 14:00	Fjölskylduguðsþjónusta. töfrabrogð, kaffisala til styrktar Bjargarsjóði nammi namm.
25. mar	kl. 14:00	Fermingarguðsþjónusta / Barnastarf
30. mar	kl. 20:30	Kvöldvaka á föstudaginn langa.
1. apr	kl. 08:00	Páskadagsmorgunn / Ballettjánaing. Heitar brauðbollur og súkkulaði.
8. apr	kl. 14:00	Fermingarguðsþjónusta / barnastarf
22. apr	kl. 14:00	Tilraunamessa / Barnastarf / Maul eftir messu. Aðalfundur safnaðarins eftir messu.
13. maí	kl. 14:00	Guðsþjónusta / Barnastarf. Viðamikill viðurgerningur eftir messu.
21. maí	kl. 20:00	Kvöldmessa á annan í hvítasunnu. Maul eftir messu.
27. maí	kl. 14:00	Jazzmessa. Maul eftir messu.
9. júní	kl. 9:00	Gönguguðsþjónusta. Athugið breyttan messutíma og dag.
10. júní	kl. 11:00	Lesmessa.
24. júní	kl. 18:00	Gúllasguðsþjónusta.



## TÖLUR ÚR SAFNAÐARSTARFI

Skírnir.....	26
Fermingar.....	5
Hjónavígslur.....	13
Jarðarfarir.....	16
Öskuker.....	6
Skilnaðarvottorð.....	2
Meðaltalsfjöldi kirkjugesta í guðsþjónustum.....	57
Fjöldi altarisgesta.....	457
Safnaðarfélagar.....	3304

## Stjórnin endurkjörin

Stjórnin var endurkjörin á aðalfundi 23. apríl. Sigurjón Ívarsson formaður, Valdimar Ingi Þórarinnsson gjaldkeri, Guðlaug Björnsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Helga Hansdóttir, Anna Sigríður Hjaltadóttir, Ómar Örn Pálsson, Guðjón Pétur Ólafsson, Björg Valsdóttir og Anna Björk Sigurjónsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru Bjarni Jónsson og Ragnar K. Kristjánsson og Hannes Guðrúnarson varamaður.



## Tólf sporin - andlegt ferðalag

Fyrsti kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 7. sept kl. 19:30 í kirkjunni okkar. Næstu þrjú fundir verða opnir öllum - best er að mæta á alla opnu fundina. Upplýsingar gefur Gunnar í síma. **663-4395**. Sjá nánar á [viniribata.is](http://viniribata.is).